

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 17. stjórnarfundar, haldinn 15. apríl. 2024 í Borgartúni 26 kl. 17:00-20:05.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson, Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Aron Kári Ágústsson sat einnig fundinn og Þórólfur Jónsson undir lið 2 gegnum fjarfundabúnað.

Hermann Hermannsson vék af fundi vegna vanhæfis í tilviki ákvörðunar um kaup á einni eign.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerðir 15. og 16. fundar.

Fundargerðir 15 og 16. fundar samþykktar.

2. Staða vinnu við skjalagerð lánveitanda, ríkisins og félagsins

ÞJ fór yfir stöðu vinnunnar við skjalagerðina. Engin efnisatriði eru útistandandi í viðræðunum og stefnt að undirritun 16. apríl.

3. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna

Á fundinum voru kynntar tillögur framkvæmdastjóra um kaup á 42 fasteignum í Grindavík. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í 40 tilvikum. Tvær eignir töldust þurfa nánari skoðun. Í öllum 40 tilvikum voru kaupin samþykkt með fyrirvörum. Í 39 tilvikum voru kaupin samþykkt með fyrirvara um að ganga megi frá kaupum þegar undirritaðir samningar við lánveitendur liggja fyrir. Í 24 tilvikum voru kaupin samþykkt með fyrirvara um að yfirlýsing fái frá húsfélagi, ef það er til staðar, vegna íbúða í fjöleignarhúsum. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

4. Önnur mál

Framkvæmdastjóri upplýsti um hlutverk veðgæsluaðila samkvæmt samningum lánveitenda og kostnað við þá vinnu.

Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 17. apríl kl. 09:00 í Borgartúni 26.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 20:05.

Óskar Józefsson
Guðrún Þorleifsdóttir

BÓKUN STJÓRNAR FASTEIGNAFÉLAGSINS ÞÓRKÖTLU EHF.

Miðvikudaginn 17. apríl 2024, kl. 9:00, var haldinn stjórnarfundur hjá Fasteignafélaginu Þórkötlum ehf., kt. 410324-0750, Skógarbraut 946, 262 Reykjanesbæ („félagið“). Stjórn félagsins færir eftirfarandi bókun:

Stjórn félagsins hefur kynnt sér drög að eftirfarandi skjölum sem liggja fyrir fundinum:

- Rammasamkomulag
- Kröfuhafa- og veðgæslusamkomulag


Rammasamkomulagið felur í sér samkomulag milli félagsins og kröfuhafa um útfærslu fjármögnunar félagsins og samhengi fjármögnunar og kaupferlis fasteignanna.

Kröfuhafa- og veðgæslusamkomulagið felur í sér samkomulag milli félagsins, kröfuhafa og veðgæsluaðila um sameiginlega meðferð krafna, sameiginlega tryggingu, veðvörslu og ákvörðunartöku í tengslum við meðferð þeirra.

Stjórn félagsins samþykkir einróma að gangast undir þær skyldur og taka við þeim réttindum sem af fyrrnefndum skjölum leiða.

Reykjavík, 17. apríl 2024

Í stjórn félagsins,


Óskar Jónsson, stjórnarformaður


Hermann Hermannsson, meðstjórnandi


Guðrún Þorleifsdóttir, meðstjórnandi